Reykjavíkurborg
Íþrótta- og tómstundasvið

Reykjavík, 23. febrúar 2018
2018020014

Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

***Reykjavíkurskákmót 2018-2020***

Á fundi íþrótta- og tómstundaráðs í dag voru lögð fram drög að samningi við Skáksamband Íslands vegna Reykjavíkurskákmóts.
Íþrótta- og tómstundaráð samþykkti samninginn fyrir sitt leyti og vísaði honum til borgarráðs.

Virðingarfyllst,

Ómar Einarsson,
sviðsstjóri.

Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími 411 5000

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík, hér eftir nefnd styrkveitandi annars vegar og Skáksamband Íslands kt. 580269-5409, hér eftir nefndur styrkþegi hins vegar, gera með sér svohljóðandi

**S A M N I N G**

1. gr.

Til að styðja við kostnað af mótshaldi við Reykjavíkurskákmót mun styrkveitandi veita styrkþega árlegan styrk að fjárhæð kr.3.900.000.- á tímabilinu 2018 til 2020.
Samtals nemur fjárhæðin kr. 11.700.000.- á samningstímanum. Samningurinn er bundinn vísitölu neysluverðs í janúar 2018.

2.gr.

Styrkur styrkveitanda samkvæmt samningi þessum er veittur til stuðnings við Reykjavíkurskákmót árin 2018, 2019 og 2020.

3. gr.

Á öllu kynningarefni styrkþega skal koma fram að þeir njóti styrks frá Reykjavíkurborg.

4. gr.

Við lok samningstímans skulu styrkþegar skila ítarlegri greinargerð til Reykjavíkurborgar þar sem fram kemur hvernig styrknum var ráðstafað á hverju ári sem og ársreikningur eftir því sem við á. Skáksambandið skal árlega leggja fram yfirlit yfir iðkendafjölda í skákhreyfingunni, eftir aldri og kyni.

5. gr.

Greiðslur samkvæmt samningi þessum skulu fara fram í febrúar á ári hverju og verður greiddur á reikning nr. 101-26-12763, kt. 580269-5409.

6.gr.

Gildistími samnings þessa er frá undirritun hans til 1. desember 2020. Hvor aðili um sig getur þó sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara. Greiðslur samkvæmt samningi þessum eru jafnframt háðar ákvörðunum í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

7. gr.

Ef sýnt þykir að framlag styrkveitanda hafi verið notað í öðrum tilgangi en samningur þessi eða væntingar styrkveitanda standa til, eða ef styrkþegar uppfylla ekki ákvæði samningsins að öðru leyti, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta að öllu leyti og rifta samningnum.

8. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum.
Undirritaðir aðilar staðfesta samning þennan með undirritun sinni í votta viðurvist og staðfesta að þeir hafa fullt umboð til að skuldbinda samningsaðila í samræmi við ákvæði hans.

Reykjavík, febrúar 2018

| | |
|---|---|
| F.h. Reykjavíkurborgar | F.h. Skáksambands Íslands. |

Vottar að réttri dagsetningu og undirritun: